



AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA 24. maí 2025 á Korpúlfsstöðum

Mætt eru: Anna Eyjólfsdóttir, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Martynas Petreikis, Lísá Björg, Hulda Ágústsdóttir, G. erla, Bryndís Brynjarsdóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Anna Gunnlaugsdóttir, Kristbergur Pétursson, Arthur Ragnarsson og Rúrí.

Fundarstjóri er Pétur Thomsen. Ritari er Anna Rún Tryggvadóttir.

Fundur hefst kl 15:06

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnir ársskýrslu stjórnar. Stuðningur við Skipholt vegna vinnustofa og SÍM Residency upp á 32 milljónir árlega til næstu þriggja ára. Hækkun á framlögum frá ríkinu úr 6 upp í 7 milljónir árlega til næstu þriggja ára.

Umræður

Gerla útskýrir hvernig lagarammi Myndstefs kemur í veg fyrir að hægt sé að hækka fjárframlög í Mugg. Rúrí útskýrir að endurskoðunarnefnd reglugerðar Myndstefs sýndi að gömlu lögín stóðust ekki Evrópu reglugerð og varð því að breyta rammanum.

Gerla segir frá því að ríkið styrkir Reykjavíkúrákademíuna um 20 milljónir árið 2024.

2. Reikningar

Lísá Björg kynnir ársreikning SÍM. Á árinu störfuðu þrír starfsmenn hjá félaginu, þar af tveir í hlutastarfi. SAMÞYKKTUR MEÐ ÖLLUM ATKVÆÐUM.



Tillaga

Fyrir næstu formannskosningu þarf að skýra starfslýsingu formanns, og gefa upplýsingar um laun og prósentuhlutfall.

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir kynnir ársreikning Rekstrarfélags SÍM.
Á árinu störfuðu þrír starfsmenn hjá félaginu. SAMÞYKKTUR MEÐ ÖLLUM ATKVÆÐUM.

3. Stjórnarkosning

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs 2025 rann út 11. apríl sl. Eftirtalin framboð bárust: Pétur Thomsen, Helga G. Óskarsdóttir, Logi Bjarnason og Hulda Ágústsdóttir í stjórn og varastjórn.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru kjörnir til tveggja ára vorið 2024: Anna Eyjólf, formaður, Hlynur Helgason, Anna Rún Tryggvadóttir og Helga G. Óskarsdóttir í stjórn og varastjórn. Þeirra kjörtímabili lýkur vorið 2026.

Þar sem ekki bárust fleiri framboð telst stjórnin sjálfkjörin.

4. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr. 9. gr.

Er fulltrúi þeirra sem eiga einstaklingsaðils að SÍM, og eru ekki öðru félagi. Gerla var kosin í þetta í fyrra en ekkert hefur verið gert. Gerla býður sig fram aftur. SAMÞYKKT.

5. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs

Gerla er kosin áfram sem félagslegur skoðunarmaður. Stjórn falið að fá tilboð frá fleiri en einum endurskoðanda fyrir næsta aðalfund. Sami endurskoðandi samþykktur áfram til eins árs.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar.



7. Ákvörðun félagsgjalda

Núverandi félagsgjald er 26.000 kr. Síðasta hækkun var 2023 úr 24.000. Þá var talað um 2000 kr. hækkun árlega. Mikilvægt er að huga að því að félagsgjöld eru frádráttarbær frá skatti.

Tillaga:

Félagsgjald verði hækkað upp í 30.000 kr árið 2026. SAMÞYKKT.

Tillaga 2:

Afsláttur af félagsgjaldi til nýútskrifaðra óháð aldri. Þeir sem útskrifast úr viðurkenndu myndlistarnámi á háskólastigi greiði hálf félagsgjald fyrstu tvö árin eftir útskrift. SAMÞYKKT.

8. Önnur mál

Saga félagsins

Gerla bendir á að gera þarf sýnilegt hvað hefur áunnist í gegnum SÍM á síðustu áratugum. Anna Eyjólfsdóttir bendir á að SÍM er að skrá sögu félagsins. Helga Óskarsdóttir og Anna Rún Tryggvadóttir eru komnar með það verkefni að vinna þessa skrásetningu. 500.000 krónur á ári settar í þetta verkefni.

Upprunavottorð

Tillaga Gerlu er að búa til þriggja manna nefnd og sækjast eftir einhverjum úr ráðuneytinu. Einn úr SÍM, einn úr Myndstef og einn úr Nýló. Búa til standard uppruna vottorð. Möguleiki á að leyfa erfingjum myndhöfunda að gera svona upprunavottorð.

Siðarreglur SÍM

Nauðsynlegt að SÍM samþykki siðarreglur félagsins. Fundurinn leggur stjórninni vinna að þessu máli. SAMÞYKKT.

Fundi slitið kl 16:41